

1206. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 12. ágúst 2020, kl. 17:30 í rafrænum fjarfundi.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Árnadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Áður en fundur hófst samkvæmt dagskrá óskaði Ragnar Þór eftir samþykki fundarmanna fyrir þeirri dagskrárbreytingu að inn kæmi nýr liður nr. 3 varðandi yfirlýsingu um „Líf svartra skiptir máli“ og nýr liður nr. 8 um styrkbeiðni vegna ritunar ævisögu Magnúsar L. Sveinssonar fyrrum formanns VR. Númeraröð annarra dagskrárliða myndi færast til samkvæmt því. Þá hugðist hann ræða samstarf VR og Neytendasamtakanna vegna smálána undir liðnum önnur mál.

Samþykkt.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1205. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1205. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt en verður undirrituð síðar.

2. Samþykktir á milli funda

a. Samþykkt vegna væntanlegs hlutafjárútbóðs Ícelandair

Ragnar Þór lagði fram skjalið „Yfirlýsingar frá stjórn VR vegna málefna Ícelandair“, dags. 11. ágúst 2020 en um var að ræða tölvupóst hans frá 17.07 2020 til stjórnarmanna þar sem óskað var eftir samþykki á eftirfarandi yfirlýsingu frá stjórn:

“Stjórn VR, sem jafnframt á sæti í fulltrúaráði Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, beinir þeim tilmælum til þeirra stjórnarmanna sem VR skipar í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna að sniðganga eða greiða atkvæði gegn þátttöku í væntanlegu hlutafjárútbóði Ícelandair.”



Fjöldi félagsmanna VR, sem margir hverjir hafa starfað áratugum saman hjá félaginu, hefur verið sagt upp störfum á meðan félagið stundar félagsleg undirboð með úthýsingu starfa í löndum þar sem réttindi eru fótum troðin.

Stjórn VR getur ekki sætt sig við það að eftirlaunasjóðir launafólks séu notaðir til fjárfestinga í fyrirtækjum sem hvetja til félagslegra undirboða. Það stríðir gegn öllum þeim gildum sem verkalýðshreyfingin stendur fyrir. Lífeyrissjóðirnir hafa einnig sett sér alþjóðleg siðferðisleg viðmið í fjárfestingastefnum sínum og ber þeim að fylgja því eftir.”

10 svöruðu með samþykki

b. Yfirlýsing vegna væntanlegs hlutafjárútboðs Icelandair dregin til baka

Síðan óskaði Ragnar Þór eftir samþykki stjórnar fyrir því að ofangreind yfirlýsing yrði dregin til baka með tölvupósti dags. 21.07 2020.

13 svöruðu með samþykki og var eftirfarandi frétt birt á vef VR þann 24.07 2020:

“Stjórn VR hefur samþykkt að draga yfirlýsingu vegna málefna Icelandair, sem send var út 17. júlí sl., til baka. Verkalýðshreyfingin, sameinuð, gekk fastlega fram þegar samningsréttinum var ógnað.

Samningsrétturinn er grundvöllur kjarasamninga og stéttarbaráttunnar. Hann er jafnframt grundvöllur fyrir þeim lífskjörum og réttindum sem við teljum sjálfsögð í okkar samfélagi en hafa áunnist með samstöðu vinnandi stétta.”

3. Yfirlýsing „Líf svartra skiptir máli“ – VR styður baráttuna gegn kynþáttamisrétti

Ragnar Þór lagði fram skjalið „Minnisblað – Yfirlýsing „Líf svartra skiptir máli“, dags. 6. ágúst 2020.

Sigmundur ræddi yfirlýsinguna og sagði það mikil vonbrigði að ekki hafi náðst um það samstaða innan stjórnar í byrjun júní að senda út yfirlýsingu sem samin var í kjölfar mikillar þjóðfélagsumræðu um kynþáttamisrétti tengdu hreyfingunni Líf svartra skiptir máli, Black lives matter í Bandaríkjunum en sem á sér vísun um heim allan. Það var full þörf á því að senda þetta út.

Umræður.



Að loknum umræðum lagði Ragnar Þór til að hann og Sigmundur ásamt Árna myndu endurskoða orðalag yfirlýsingar þeirrar sem samin var og yrði það svo lagt fyrir rafrænan fjarfund stjórnarmanna fljótlega.

Samþykkt.

4. Kjaramál – staðan

a. Endurskoðun kjarasamninga í september

Ragnar Þór sagði endurskoðun kjarasamninga fara fram í september og að forsendunefnd muni senda frá sér yfirlýsingu en þó sé þegar ljóst að forsendur samninga eru brosnar í tveimur liðum þar sem það voru tímasettir liðir sem gengu ekki eftir. Svo það sé okkar að ákveða hvort við segjum upp samningnum fyrir 1. október en við höfum fram að þeim tíma til þess að sjá hvort stjórnvöld, sem stendur uppá í þessu máli, lagi það til eða bæti við öðru sem sé ásættanlegt. Við ráðum þessu þó ekki ein þar sem ákvörðun er tekin sameiginlega á vettvangi ASÍ og ræður þar hvoru tveggja vægi félaga eftir stærð og vægi atkvæða formanna hvers félags.

Umræður.

Ragnar Þór sagði nú frá því að samningurinn væri það sem nefnt er „afturhlaðinn“ og sé því til mikils að vinna að verja hann en auðvitað gæti SA alveg eins sagt honum upp. Við erum tilbúin með könnun meðal félagsmanna um uppsögn eða ekki uppsögn og við höfum þá vilja félagsmanna til að styðjast við. Þessi könnun verður send út 21. september og við fundum þá uppúr því með skýra mynd af vilja okkar fólks og ákveðum væntanlega 29. september á fundi.

b. Norðurál og ÍSAL, staðan í kjaraviðræðum

Ragnar Þór sagði stöðuna hjá ÍSAL viðkvæma og að allt eins gæti þetta endað með lokun álversins. Hjá Norðuráli var kosið um að fara í aðgerðir en þar laut krafa okkar einungis að því að kjör yrðu færð að lífskjarasamningi sem SA hefur mjög mælt með og sæti það því furðu að þar gangi ekki saman og í raun dapurt að þurfa að vera þar í átökum þar sem fyrirtækið stendur vel.

Umræður.

Ragnar Þór sagði frá því að hann væri í góðu sambandi við Drífu hjá ASÍ og aðra í hreyfingunni í kjölfar átakanna kringum Icelandair. Í skoðun er að fá geiðsluskjól fyrir almenning í vinnu með ráðuneyti og ASÍ þar sem m.a. er unnið að sameiginlegum markmiðum er varðar þá sem lenda á

atvinnuleysisbótum nú á haustmánuðum í tengslum við t.d. lánastofnanir og leigufélög.

Umræður.

Ragnar Þór sagði frá því að fundað hafi verið með Vinnumálastofnun en þar er afgreiðslutími orðinn alveg ósættanlegur eða allt að 8 vikur. Þrýst sé á ráðherra að afla fleira starfsfólks.

Ragnar Þór gerði nú 7 mínúta fundarhlé.

5. Staða verkalýðshreyfingarinnar

Ragnar Þór sagði okkur hafa gengið í gegnum ólgusjó innan eigin raða nýverið. Svo hafi verið sótt að tilverurétti verkalýðshreyfingarinnar auk þess sem COVID-19 veira herjar á með sínum afleiðingum. Rætt hafi verið um að halda framhaldsfund um stöðu okkar innan ASÍ en hann sé á þeirri skoðun að við ættum að fresta því eða jafnvel sleppa fundinum í ljósi nýrrar stöðu. Hefur hann fundað með forseta ASÍ um mögulegar breytingar á sambandinu og vildi hann láta reyna á það hvort hægt sé að endurskipuleggja hreyfinguna svo öll innri barátta hætti og fái t.d. hver sitt hlutverk innan ASÍ eftir því hvar áhuginn liggur oph. Það er vilji hjá forseta ASÍ að fara í slíka vinnu.

Svo er auðvitað óvissa með komandi þing ASÍ en reynt verður að halda það óbreytt en að öðrum kosti að skipta því upp eða framkvæma með smærra sniði. En í ljósi þessa alls ættum við a.m.k. að klára endurskoðun kjarasamninga áður en við förum í að endurskoða aðild okkar að ASÍ.

Umræður.

Að loknum umræðum samþykktu fundarmenn að fresta framhaldsfundi um aðild VR að ASÍ.

6. Skipun fulltrúa VR á ASÍ þing

Stefán lagði fram skjalið „Minnisblað – kosning fulltrúa VR á ASÍ þing 2020“ dags. 6. ágúst 2020 en þar kom fram að val fulltrúa fer fram með kosningu annað hvort með uppástungum á félagsfundi sem kosið er um eða þá í listakosningu í allsherjaratkvæðagreiðslu. Staðan er svo sú að hvor leiðin sem valin er að þá er alltaf erfitt að manna svona þing nema að hafa fjölda varamanna þar sem margir heltist úr lestinni.

Ragnar Þór sagði að við höfum notað báðar leiðir en í ljósi ástands vegna

COVID-19 veirunnar sé mest praktískt að fara leið listakosningar og leggi hann því til að sú leið verði farin í þetta sinn.

Umræður.

Samþykkt að fara leið listakosningar í allsherjaratkvæðagreiðslu við val þingfulltrúa VR á komandi ASÍ þing í október 2020.

7. Könnun á viðhorfi félagsmanna VR

Stefán lagði fram skjalið „*Minnisblað – könnun á viðhorfi félagsmanna VR*“ dags. 15. júní 2020 og sagði hann að könnunin væri hugsuð sem reglubundin könnun þrisvar sinnum á ári þar sem væru alltaf sömu spurningar þannig að um væri að ræða nokkurs konar „púlsmæli“ sem gæfi stjórn VR vísbendingar um hug félagsmanna til að styðjast við. Könnunin nú var gerð 29. maí – 11. júní 2020 og komu rúmlega 500 svör.

Fór Stefán nú yfir helstu niðurstöður þar sem kom m.a. fram að 68% bera mikið traust til VR, 26% hvorki mikið né lítið og 7% lítið traust.

Þá kom fram að 75% eru hlynnt áherslum VR í baráttunni fyrir bættum kjörum, 18% hvorki hlynntur né andvígur og 7% andvígur.

85% voru ánægð með þjónustu VR, 11% hvorki né og 4% óánægð.

Ragnar Þór sagði þetta líta vel út m.v. stöðuna í þjóðfélaginu í dag og viðhorf til verkalýðshreyfingarinnar oft á tíðum.

Umræður

8. Beiðni um styrk frá VR vegna ritunar ævisögu Magnúsar L. Sveinssonar

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Minnisblað – ritun ævisögu Magnúsar L. Sveinssonar*“ dags. 12. ágúst 2020 þar sem var tölvupóstur til hans frá Huldar Breiðfjörð ritstjóra þessarar útgáfu, dags. 5. ágúst 2020.

Sagðist Ragnar Þór hafa ákveðið að bera þetta erindi upp í stjórn fremur en að það fari fyrir Styrkjanefnd VR en hann hitti Magnús L. í vor þar sem þeir ræddu sögu hans innan VR og verkalýðshreyfingarinnar sem er afar löng og merkileg. Væri það í raun dapurt ef VR kæmi ekki með áberandi hætti að þessu verki. Leggur hann til að VR styrki verkið með því að greiða 500þ. kr. vegna ritstjórnar, 400þ. kr. vegna umbrots og hönnunar og 300þ. kr. vegna prófarkalesturs eða 1.2m kr. alls og að auki verði 100 eintök af bókinni keypt



þegar hún kemur út til gjafa og/eða til að hafa í orlofshúsum félagsins sem minnisvarða um þennan þátt í sögu félagsins.

Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 20: 30
Árni Leósson, fundarritari

